

Ed.

110. Nefndarálit

um frv. til laga um fiskifulltrúa á Spáni og Ítalíu.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið á eitt sátt í þessu máli. Undirritaður minni hluti leyfir sjer því að koma fram með sjerstakt nefndarálit.

Undanfarin tvö ár hefir herra skipaniðlari Gunnar Egilson verið sendur til Spánar og annara landa við Miðjarðarhafið, að tilhlutun stjórna beggja bankanna hjer og landsstjórnarinnar, til þess að afla upplýsinga um markaðshorfur, gefa skýrslur um þær og leiðbeina um sölu saltfisks þar syðra. Ferðir þessar virðast hafa haft allmikla þýðingu og gefið góðan árangur, því að báðir bankarnir og landsstjórnin virðast fús til að kosta slíka starfsemi áfram. Þótt jeg viðurkenni, að sendimaður þessi hafi unnið fisksölunni gagn og geti gert það framvegis, þá get jeg ekki fallist á, að rjett sje nú þegar að setja á stofn slíkt embætti, sem frv. fer fram á. Tel rjettara að þreifa sig fram á líkan hátt og tvö síðustu ár, með sendimanni til Miðjarðarhafslandanna á þeim tímum árs, er heppilegast kynni að þykja eftir atvikum. Meðal íslensku þjóðarinnar lifir sú von mjög alment, að okkur í náinni framtíð geti tekist að færa fiskmarkað vorn sem mest frá Spáni til annara fiskneytandi þjóða við Miðjarðarhafið og víðar, og verða þannig Spánverjum óháðari um fisksöluna. Reynsla síðustu ára virðist líka benda í þá átt, að sú von geti ræst, því að fiskmarkaður utan Spánar hefir aukist að mun, einkum síðastliðið ár. Ástæðum fyrir því, að þjóðin óskar að losa sig undan áhrifum Spánverja, þarf ekki að lýsa; þær þekkja allir. Stofnun embættis þess, er frv. ræðir um, með búsetu á Spáni, virðist mjer ekki vera spor í þá átt að flýta fyrir, að slíkar vonir rætist, heldur hið gagnstæða. Enda mun það alls ekki vera ósk þjóðarinnar, að embætti þetta verði sett upp nú. Jeg leyfi mjer því að leggja til, að háttvirt deild afgreiði málið með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að deildin litur svo á, að í fisksöllumálinu beri að leggja aðaláhersluna á aukinn markað fyrir íslenskan saltfisk utan Spánar, og þar sem því marki virðist engu síður verða náð með svipaðri starfsemi og verið hefir undanfarin ár, þá telur deildin stofnun embættis þess, er frv. fer fram á, ekki nauðsynlega að svo stöddu og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 28. febr. 1925.

Ingvar Pálmason.